



Samningur Rafiðnaðarsambands Íslands (RSÍ) og Félags íslenskra símamanna (FÍS) um ráðstöfun eigna

Rafiðnaðarsamband Íslands, kt: 440472-1099 (RSÍ) og Félag íslenskra símamanna, kt. 530169-7669 (FÍS) gera með sér svohljóðandi samning um ráðstöfun þeirra eigna og skuldbindinga FÍS sem ekki renna til nýs sameinaðs félags FÍS og FTF í kjölfar sameiningar þeirra:

Samningur

1.gr.

FTF og FÍS sameinast frá og með 11. nóvember 2024 og bókhaldsleg sameining félaganna beggja miðar við 1. janúar 2024. Í tengslum við þetta fer fram uppgjör á FÍS og tekur RSÍ við hluta af eignum og skuldbindingum FÍS í samræmi við samning þennan.

2.gr.

Í ljósi þess að við sameiningu FÍS og FTF lýkur starfi undir merkjum Félags íslenskra símamanna og að FÍS var það félag sem upphaflega hóf uppbyggingu orlofsvæðisins að Skógaranesi færir menningarsjóður FÍS, orlofssjóði RSÍ 43 milljónir króna.

Féð skal nýtt til að standa straum af stofnframkvæmdum og endurbótum á stóra húsinu og nánasta umhverfi þess á orlofssvæði RSÍ að Skógaranesi. Um leið skal hugað sérstaklega að því að haldið sé á lofti sögu FÍS og sögu talsímavæðingar á Íslandi.

3.gr.

FÍS var stofnað árið 1915 og hefur margt breyst í starfsemi félagsins á þeim tíma. Ein birtingarmynd þess er óvenju hátt hlutfall eldri félaga en um leið er um félagsfólk að ræða sem er virkt í starfi félagsins og RSÍ. Menningarsjóður FÍS færir því sambandsjóði RSÍ 2 milljónir króna sem verja skal til að efla starf RSÍ Eldri og þjónustu við eldri borgara innan raða RSÍ.

4.gr.

Styrktarsjóður FÍS færir sjúkrasjóði RSÍ 34 milljónir króna. Um leið tekur sjúkrasjóður RSÍ yfir þær skuldbindingar sem voru á FÍS vegna dánarbóta. Um skuldbindingu er að ræða sem varð til við breytingar á starfsemi og réttindum félagsfólks FÍS árið 1997.

Upphæðin er byggð á fyrirliggjandi greiningu og í samræmi við umfjöllun og ákvörðun miðstjórnar RSÍ 31. maí 2024 og undangengna málsmeðferð stjórnar FÍS.

5.gr.

Samningur þessi er gerður samhliða samningi um sameiningu Félags íslenskra símamanna og Félags tækniólks og öðlast gildi á sama tíma og af sameiningu félaganna verður.

Rísi ágreiningur vegna efnis þessa samnings má reka það mál fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Reykjavík, 11. nóvember 2024

Undirritun f.h. FÍS

Undirritun f.h. RSÍ